

**Fundargerð stjórnar BÍS 12/2015. miðvikudaginn 27. maí 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.**

**Mættir:**

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Friður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

**Fjarverandi:** Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskrárráðs.

**Gestur:** Jón Halldór Jónasson, formaður stýrihóps vefmála kom undir lið 5a)

**Dagskrá:**

- 1) Setning:
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.
- 3) Fimm mínútur foringjans.
- 4) Yfirlit stjórnarmanna.
- 5) Meginviðfangsefni
  - a) Upplýsingaráð. JHJ gerði grein fyrir vinnu stýrihóps vefmála. Hann bendir á að umboð hópsins rennur út 5. júní nk. Nýr dagskrárvefur var kynntur og settur í loftið. Stjórn þakkar stýrihópi vefmála fyrir óeigingjarnt starf sl. tvö ár og óskar eftir því að hópurinn starfi áfram til 5. október og fylgi úr hlaði nýjum dagskrárvef. Umræður voru um þróun upplýsingamála. Upplýsingaráði falið að vinna málið áfram, gera greiningu og skila tillögum um uppbyggingu vefmála til stjórnar í september.
    - i) LGBTI roundtable. GBB er að fara á þennan fund sem haldinn er á vegum WOSM.
    - ii) Vörumerkjakönnun – Skátarnir: Frestað til næsta fundar, HS falið að senda skjölin til stjórnar.
    - iii) Skátabúningurinn og einkennismerki: GBB sagði frá því að upplýsingaráð er að vinna að skilgreiningu á merkjum á skátabúningi og flokkun skáta klæðnaðar.
- 6) Afgreiðslumál.
  - a) Ráðstefna Almannaheilla, Fundur fólksins: HS falið að senda út tilkynningu til stjórnar og ráða og bjóða þátttöku á þennan viðburð.
  - b) Úlfljótsvatn – afmörkun séreigna Skáta og Sí/sameignar: BB kynnti hugmyndir um skiptingu jarðarinnar í séreignarsvæði og sameignarsvæði. BB og HS er falið að vinna málið áfram og tryggja að nærsvæði skáta verði áfram í umráðum skáta.
  - c) Gögn vegna alþjóðamála BÍS: JÞG miðlar gögnum til stjórnar til upplýsinga

- d) Þjóðskjalasafn: Gerður hefur verið samningur vegna áframhaldandi flokkun og skráningu. Styrkur frá menntamálaráðuneyti er nýttur í verkefnið.
  - e) Forvarnarstefna BÍS: BB kynnti drög og óskar eftir athugasemdum.
  - f) Vinnuhópar BÍS: JA sendir yfirlit til stjórnar, til umræðu á næsta fundi.
  - g) Öryggis- og upplýsingamál BÍS: Frestað til næsta fundar
  - h) Samstarf ungmennaráða: Í framhaldi af Norræna skátaþinginu er verið að kanna mögulegt samstarf ungmennaráða nokkurra Evrópulanda.
- 7) Fundargerðir / starfsyfirlit sem liggja fyrir:
- a) Starfsyfirlit starfsmanna
  - b) Fundarboð Almannaheill
  - c) Fundarboð Útilífsmiðstöðvar Hamra
  - d) Fundargerð aðalfundar Skátabúðarinnar ehf.
  - e) Fundargerð aðalfundar Skátamóta ehf.
  - f) Fundargerð aðalfundar Þjóðþrifa ehf.
  - g) Fundargerð Þjóðþrifa ehf.
  - h) Fundargerð Skátabúðarinnar ehf.
  - i) Fundargerð Skátamóta ehf.
  - j) Ferðaskýrsla vegna AGORA, Education Forum

8) Önnur mál

Fundi slitið kl. 20:02  
Fundargerð ritaði HS